

**3604. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 9. október 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2503064 - Mánaðaryfirlit 2025

Mánaðaryfirlit janúar - ágúst 2025

Lagt fram.

2. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Fastur fundarliður bæjarráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar.

Málið verður til áframhaldandi vinnu á næsta fundi bæjarráðs þann 16. október nk.

Samþykkt 3:0

3. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Fastur fundarliður bæjarráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar.

Málið verður til áframhaldandi vinnu á næsta fundi bæjarráðs þann 16. október nk.

Samþykkt 3:0

4. 2510034 - Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir árin 2025 og 2026.

Þróunarsvið Sambandsins hefur gefið út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir árin 2025 og 2026.

Áætlunin yfirfarin. Verður tekið fyrir aftur ef endurskoðuð staðgreiðsluáætlun verður gefin út af þróunarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt 3:0

5. 2510039 - Þróunarfélag Grundartanga - starfsemi og fjármögnun 2026 - 2028

Þróunarfélag Grundartanga - starfsemi og fjármögnun 2026 - 2028.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2026.

Bæjarráð óskar eftir að fulltrúar Þróunarfélagsins komi á næsta fund bæjarráðs þann 16. október nk.

Samþykkt 3:0

6. 2505017 - Suðurgata 106 - Umsókn um byggingarlóð

Umsókn lóðar Suðurgötu 106.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Suðurgata 106 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

7. 2509197 - FVA - tækifærisleyfi - skólaball 14. október 2025.

Tækifærisleyfi - Fjölbrautaskóli Vesturlands vegna skóladansleik sem halda á 14.10.2025.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins til umsækjanda og að viðburðurinn standi frá kl. 21:00 - 00:00 þann 14. október næstkomandi, með fyrirvara um jákvæðar umsagnir Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlitsins og lögreglunnar.

Samþykkt 3:0

8. 2510040 - ÚNU25060004 - kæra vegna ákvörðunar um að synja beiðni um aðgang að gögnum - Umsækjendur um stöðu upplýsingafulltrúa hjá Akraneskaupstaðar.

Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kæru Halldórs Jónssonar blaðamanns hjá Skessuhorni á synjun Akraneskaupstaðar um afhendingu heildarlista umsækjenda um starf upplýsingafulltrúa hjá Akraneskaupstað.

Bæjarráð telur úrskurðinn skýran varðandi verklag í ráðningarmálum og skyldur ráðningarvaldshafa til afhendingar nafnalista umsækjenda sem miða skal við dagsetningu upplýsingabeidnar.

Það fyrirkomulag sem Akraneskaupstaður hefur haft, sem miðast við að gefa umsækjendum sem óska nafnleyndar vegna umsóknar um starf, færi á að draga umsókn til baka er beiðni um afhendingu lista með nöfnum umsækjenda kemur fram, er ófær miðað við núverandi lagaumhverfi. Alls 11 einstaklingar drógu umsókn sína tilbaka eftir tímamark uppplýsingabeidnarinnar.

Bæjarráð leggur áherslu á Akraneskaupstaður hagi sínu verklagi framvegis til samræmis við úrskurðinn þó það kunni vissulega að fæla hæfa umsækjendur frá því að sækjast eftir starfi hjá kaupstaðnum. Bæjarráð tekur fram að niðurstaða ráðningarinnar í því tilfalli sem á fyrirkomulagið reyndi, varð mjög farsæl.

Samþykkt 3:0

9. 2510032 - Uppsögn á þjónustusamningi um farandgæslu - Securitas og Akraneskaupstaður

Uppsögn Securitas á núverandi þjónustusamningi við Akraneskaupstað um farandgæslu.

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins m.t.t. nýs útboðs eða fyrirkomulags í samvinnu við forstöðumenn.

Samþykkt 3:0

10. 2505171 - Sementsreitur útboð á byggingarrétti C4 og E

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. september 2025 að úthlutun lóðanna á reit C4 og E verði samhliða úthlutun lóða á reitum A og B. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir liðum nr. 11 og nr. 12.

Bæjarráð samþykkir að við úthlutun lóða á reitum C4 og E á Sementsreit, skulu gjöld í íslenskum krónum, utan þjónustugjalda en síðarnefndu gjöldin greiðast skv. gjaldskrá Akraneskaupstaðar nr. 1280/2024, vera eftirfarandi:

Gatnagerðargjald Byggingarréttargjald

Fjölbýli íbúðir: kr. 47.102,- kr. 27.491,-

Bílakjallari: kr. 11.776,-

Gjöldin miðast við byggingarvísitölu í september 2025, 125,8 stig og skulu taka breytingum í takt við byggingarvísitölu hverju sinni.

Samþykkt 3:0

11. 2509058 - Úthlutun lóðar Sementsreitur A og B

Sementsreitur, reitur A og reitur B.

Bæjarráð samþykki á fundi sínum nr. 3602 þann 11. september sl. að lóðirnar fari í hefðbundna úthlutun skv. reglum Akraneskaupstaðar (útdráttur) o.fl.

Bæjarráð samþykkir að við úthlutun lóða á Sementsreit, A og B reit, skulu gjöld í íslenskum krónum utan þjónustugjalda en síðarnefndu gjöldin greiðast skv. gjaldskrá Akraneskaupstaðar nr. 1280/2024, vera eftirfarandi:

Gatnagerðargjald Byggingarréttargjald

Fjölbýli íbúðir: kr. 47.102,- kr. 27.491,-

Bílakjallari: kr. 11.776,-

Par- raðhús: kr. 47.102,- kr. 27.491,-

Einbýli: kr. 47.102,- kr. 27.491,-

Atvinnuhúsnæði: kr. 22.954,-

Ofangreind gjöld miðast við byggingarvísitölu í september 2025, 125,8 stig og skulu taka breytingum í takt við byggingarvísitölu hverju sinni.

Sérstakt gjald verður innheimt þar sem búið er að endurnýja jarðveg innan lóða. Fjárhæð gjaldsins verður kynnt í væntanlegri auglýsingu um úthlutun lóðanna.

Samþykkt 3:0

12. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024

Viðbrögð Consensa við athugasemdum varðandi útboðsgögn lögð fram. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisráðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð felur sviðsstjórum skipulags- og umhverfissviðs og velferðar- og mannréttindasviðs að fullvinna útboðsgögnin.

Málið komi að nýju fyrir bæjarráð er fullbúin gögn eru tilbúin.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson vikur af fundi.

13. 2510046 - Aggapallur - leigusamningur

Leigusamningur um húsnæði á Aggapalli (22,7 fermetrar).

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi leigusamning og felur bæjarstjóra frágang málsins.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Lif Lärusdóttir
Valgarður E. Þorsteinsson
Ragnar Samundsson
Sinnur E. E. E. E.